

## Nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga 2000–2004

*New registrations of limited liability companies 2000–2004*


**Samantekt** Nýskráð hluta- og einkahlutafélög voru 2.517 á árinu 2004 og hefur nýskráningum því fjölgað um rúm 5% frá árinu 2003 þegar 2.389 ný félög voru skráð. Árið 2003 fækkaði nýskráningum hins vegar um tæpan fjórðung frá árinu 2002 þegar 3.120 ný félög voru skráð. Hlutfallsleg skipting nýskráninga eftir atvinnugreinum er nokkuð jöfn á milli ára. Fjölgun nýskráninga er hlutfallslega mest á höfuðborgarsvæðinu þar sem nýskráningum fjölgaði um 11% frá fyrra ári.

**Flestar nýskráningar árið 2002**

Ríkisskattstjóri heldur skrá yfir hlutafélög og einkahlutafélög í samræmi við lög nr. 17/2003. Árið 2004 var fjöldi nýskráðra hlutafélaga og einkahlutafélaga hjá fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra 2.517 talsins. Nýskráningum fjölgaði því um rúm 5% frá árinu 2003 þegar 2.389 ný félög voru skráð. Árið 2002 var hinsvegar metár í fjölda nýskráðra félaga þegar 3.120 hluta- og einkahlutafélög voru skráð. Af þeim 2.517 félögum sem skráð voru á árinu 2004 voru 2.504 einkahlutafélög og 13 hlutafélög.

### Mynd 1. Fjöldi nýskráðra hlutafélaga og einkahlutafélaga 2000–2004

*Figure 1. New registrations of limited liability companies 2000–2004*



### Hlutur atvinnugreina

*Vöxtur í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð*

Flestar nýskráningar á árunum 2000–2004 hafa verið í yfirflokknum *fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta*. Árið 2004 voru nýskráningar í þessum yfirflokki alls 917 eða 36% nýskráninga. Yfirflokkar sem næstir komu á eftir voru *verslun og ýmis viðgerðarþjónusta* með 393 skráningar (16%), *byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð* 365 (15%) og *iðnaður* 154 (6%). Skipting



nýskráninga hlutafélaga og einkahlutafélaga niður á atvinnugreinar hefur verið nokkuð stöðug undanfarin ár, athygli vekur þó mikil aukning á nýskráningum í *byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð*, þar sem nýskráðum félögum fjölgar um 26% frá árinu 2003.

Eins og áður segir hafa flestar nýskráningar undanfarin ár verið í yfirflokknum *fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta*. Undir þennan flokk falla m.a. atvinnugreinar eins og *rekstur eignarhaldsfélaga, leiga atvinnuhúsnæðis, hugbúnaðargerð og ráðgjöf varðandi hugbúnað*. Á tímabilinu 2000–2004 eru það yfirleitt sömu atvinnugreinarnar sem hafa flestar nýskráningar undir þessum yfirflokki, þar sem leiga atvinnuhúsnæðis og rekstur eignarhaldsfélaga hafa töluverða yfirburði.

*Flest fyrirtæki skráð í leigu atvinnuhúsnæðis*

Ef einstakar atvinnugreinar eru skoðaðar án tillits til yfirflokka þá kemur í ljós að flestar nýskráningar árið 2004 voru í flokknum, *leiga atvinnuhúsnæðis* (277), því næst *rekstur eignarhaldsfélaga* (247), þá *húsbyggingar og önnur mannvirkjagerð* (236) og *smábátaútgerð* (109). Í öðrum einstökum atvinnugreinum voru nýskráningar færri en 100 árið 2004. Hérna vekur athygli mikil aukning nýskráninga í *rekstri eignarhaldsfélaga*, þar sem nýskráningum fjölgar um 90 á milli ára eða um rúm 57%. Í töflu 2 er að finna þróun þeirra atvinnugreina sem höfðu flestar nýskráningar á árinu 2004.

## Hlutur landsvæða

*Fjölgun nýskráninga mest á höfuðborgarsvæðinu*

Af landsvæðum voru langflestar nýskráningar á höfuðborgarsvæðinu árið 2004, alls 1.825 eða 73% allra nýskráninga. Norðurland eystra var með næstflestar nýskráningar eða 161 (6%), en færstar nýskráningar voru á Vestfjörðum, 49 eða 2% af nýskráningum á árinu. Fjölgun nýskráninga frá fyrra ári er nær eingöngu bundin við höfuðborgarsvæðið þar sem nýskráningum fjölgar um tæp 11% á milli ára. Í öðrum landshlutum hefur fjöldi nýskráninga nær staðið í stað eða fækkað frá árinu 2003.

Af þeim 20 atvinnugreinum sem höfðu flestar nýskráningar árið 2004 var landsbyggðin með meira en helming nýskráninga í 3 atvinnugreinum, smábátaútgerð, leiga á vinnuvélum með stjórnanda og útgerð fiskiskipa yfir 10 brúttólestum.

Að meðaltali voru 8,6 nýskráð hluta- og einkahlutafélög á hverja þúsund íbúa árið 2004. Höfuðborgarsvæðið var með flestar nýskráningar miðað við íbúafjölda eða 9,9 á hverja þúsund íbúa, Austurland var með 7,2 nýskráningar á hverja þúsund íbúa, þá Suðurland (6,5), Vesturland (6,4) og Vestfirðir (6,4). Á Norðurlandi vestra voru færstar nýskráningar miðað við íbúafjölda eða 5,7 á hverja þúsund íbúa.

## English summary

In the year 2004 2.517 new limited liability companies were registered, which is about 5% increase from the year 2003 when 2.389 new companies were registered. In the year 2003 new registrations decreased for about 23% from the year 2002 when 3.120 new limited liability companies were registered. Share of new registrations between economic activities is similar between years. When new registrations are divided by regions the most increase in the Capital region were total number of new registrations rose about 11% between the years 2003 and 2004.

**Tafla 1. Nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga eftir yfirflokkum atvinnugreina 2000–2004**  
*Table 1. New registrations of limited liability companies by economic activity 2000–2004*

Fjöldi í árslok <i>Year-end data</i>	2000	2001	2002	2003	2004
<b>Fjöldi nýskráðra félaga, alls <i>New registrations</i></b>	<b>2.075</b>	<b>1.871</b>	<b>3.120</b>	<b>2.389</b>	<b>2.517</b>
Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt <i>Agriculture, hunting and forestry</i>	40	32	81	65	43
Fiskveiðar <i>Fishing</i>	114	103	444	175	143
Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu <i>Mining and quarrying</i>	–	1	1	1	2
Iðnaður <i>Manufacturing</i>	167	136	181	176	154
Veitur <i>Electricity, gas and water supply</i>	1	1	9	4	4
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð <i>Construction</i>	234	222	394	290	365
Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta <i>Wholesale and retail trade; repairs</i>	321	274	431	377	393
Hótel- og veitingahúsarekstur <i>Hotels and restaurants</i>	123	83	154	125	126
Samgöngur og flutningar <i>Transport and communication</i>	87	70	121	90	96
Fjármálþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar <i>Financial intermediation</i>	26	31	43	21	37
Fasteignaviðsk., leigustarfs. og ýmis sérhæfð þjónusta <i>Real estate and business activities</i>	652	512	882	838	917
Opinber stjórnarsýsla; almannatryggingar <i>Public administration</i>	–	–	–	–	–
Fræðslustarfsemi <i>Education</i>	17	15	21	23	27
Heilbrigðis og félagsþjónusta <i>Health and social work</i>	52	69	154	59	57
Önnur samfélagsþjón., félags- og menningarstarfsemi o.fl. <i>Other services</i>	108	111	164	132	152
Ótilgreind starfsemi <i>Not specified</i>	133	211	40	13	1

**Tafla 2. Nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga í helstu atvinnugreinum 2000–2004**  
*Table 2. New registrations of limited liability companies by economic activity 2000–2004*

Fjöldi í árslok <i>Year-end data</i>	2000	2001	2002	2003	2004
<b>Heildarfjöldi nýskráninga <i>Total</i></b>	<b>2.075</b>	<b>1.871</b>	<b>3.120</b>	<b>2.389</b>	<b>2.517</b>
<b>Þær 20 atvinnugreinar sem höfðu flestar nýskráningar 2004</b> <i>The 20 activities which had the most frequent new registrations during 2004</i>	<b>947</b>	<b>772</b>	<b>1.677</b>	<b>1.219</b>	<b>1.484</b>
Leiga atvinnuhúsnæðis <i>Letting of non-residential housing</i>	94	69	259	221	277
Rekstur eignarhaldsfélaga <i>Management activities of holding companies</i>	176	75	116	157	247
Húsbyggingar og önnur mannvirkjagerð <i>Building of complete constructions or parts thereof</i>	134	126	215	166	236
Smábátaútgærd <i>Operation fishing boats smaller than 10 GRT</i>	62	62	389	147	109
Matsölustaðir <i>Restaurants</i>	67	54	105	80	84
Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði <i>Business and management consultancy activities</i>	21	26	55	78	75
Önnur heildverslun <i>Other wholesale</i>	39	18	38	45	59
Önnur ótalin viðskipti og sérhæfð þjónusta <i>Other business activities n.e.c.</i>	51	30	42	33	52
Starfsemi listamanna <i>Artistic and literary creation and interpretation</i>	15	10	25	30	42
Hugbúnaðargerð; ráðgjöf varðandi hugbúnað <i>Software consultancy and supply</i>	86	52	77	61	36
Bílavíðgerðir og viðhald; hjólbarðaviðgerðir <i>Maintenance and repair of motor vehicles</i>	35	37	48	34	34
Raf- og boðlagnir; starfsemi rafverktaka <i>Installation of electrical wiring and fittings</i>	15	20	38	29	31
Sérfræðiþjónusta lækna <i>Practicing medical specialists</i>	21	40	88	24	30
Leiga á vinnuvélum með stjórnanda <i>Renting of constr. or demolition equipm. with operator</i>	30	22	33	24	29
Söluturnar <i>Kiosks</i>	20	20	29	19	28
Hárgreiðslu- og snyrtistofur <i>Hairdressing and other beauty treatment</i>	18	23	25	19	26
Bókhaldsþj., endurskoðun og skattaráðgjöf <i>Accounting, book-keeping and auditing activ</i>	11	26	32	11	23
Útgærd fiskiskipa yfir 10 brl. <i>Operation of fishing vessels larger than 10 GRT</i>	39	33	39	18	22
Bókaútgáfa án starfrækslu eigin prentsmiðu <i>Publishing of books without own print shop</i>	5	4	10	15	22
Akstur flutningabíla <i>Other lorry services (incl. container trucks)</i>	8	25	14	8	22
<b>Aðrar atvinnugreinar <i>Other activities</i></b>	<b>1.128</b>	<b>1.099</b>	<b>1.443</b>	<b>1.170</b>	<b>1.033</b>

**Tafla 3. Nýskráningar í fasteignaviðskiptum, leigustarfsemi og ýmissri sérhæfðri þjónustu 2000–2004**Table 3. *New registrations in real estate, renting and business activities 2000–2004*

Fjöldi í árslok <i>Year-end data</i>	2000	2001	2002	2003	2004
<b>Heildarfjöldi <i>Total</i></b>	<b>652</b>	<b>512</b>	<b>882</b>	<b>838</b>	<b>917</b>
<b>Þær 15 atvinnugreinar sem höfðu flestar nýskráningar árið 2004</b>					
<b><i>The 15 sub-sections which had the most frequent new registrations during 2004</i></b>	<b>564</b>	<b>401</b>	<b>760</b>	<b>730</b>	<b>848</b>
Leiga atvinnuhúsnæðis <i>Letting of non-residential housing</i>	94	69	259	221	277
Rekstur eignarhaldsfélaga <i>Management activities of holding companies</i>	176	75	116	157	247
Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði <i>Business and management consultancy activities</i>	21	26	55	78	75
Önnur ótalin viðskipti og sérhæfð þjónusta <i>Other business activities n.e.c.</i>	51	30	42	33	52
Hugbúnaðargerð, ráðgjöf varðandi hugbúnað <i>Software consultancy and supply</i>	86	52	77	61	36
Bókhaldsþj., endurskoðun og skattaráðgjöf <i>Accounting, book-keeping and auditing activ.</i>	11	26	32	11	23
Leiga íbúðarhúsnæðis <i>Letting of residential housing</i>	9	22	28	28	22
Önnur auglýsingastarfsemi <i>Other advertising activities n.e.c.</i>	12	14	29	25	19
Ræstingar, sóttþreinsun og meindýraeyðing <i>Industrial cleaning</i>	18	25	25	16	18
Lögfræðiþjónusta <i>Legal activities</i>	16	12	30	17	16
Starfsemi auglýsingastofa <i>Advertising agencies</i>	8	13	24	13	15
Leiga á landi og landréttindum <i>Letting of land and land rights</i>	6	7	12	13	13
Fasteignamiðlun <i>Real estate agencies</i>	11	9	19	33	12
Starfsemi arkitekta og tækniráðgjöf tengd byggingum <i>Architectural activities</i>	9	8	9	11	12
Önnur starfsemi tengd tölvum og gagnavinnslu <i>Other computer related activities</i>	36	13	3	13	11
<b>Aðrar nýskráningar <i>Other new registrations</i></b>	<b>88</b>	<b>111</b>	<b>122</b>	<b>108</b>	<b>69</b>

**Tafla 4. Nýskráning hlutafélaga og einkahlutafélaga eftir landsvæðum 2000–2004**Table 4. *New registrations of limited liability companies by region 2000–2004*

	2000		2001		2002		2003		2004	
	Á hverja 1.000 íbúa	Fjöldi	Á hverja 1.000 íbúa	Fjöldi	Á hverja 1.000 íbúa	Fjöldi	Á hverja 1.000 íbúa	Fjöldi	Á hverja 1.000 íbúa	
	<i>Per</i>	<i>Number</i>	<i>Per</i>	<i>Number</i>	<i>Per</i>	<i>Number</i>	<i>Per</i>	<i>Number</i>	<i>Per</i>	
	<i>1.000 inh.</i>	<i>Number</i>	<i>1.000 inh.</i>	<i>Number</i>	<i>1.000 inh.</i>	<i>Number</i>	<i>1.000 inh.</i>	<i>Number</i>	<i>1.000 inh.</i>	
<b>Allir landshlutar <i>Total</i></b>	<b>2.075</b>	<b>7,4</b>	<b>1.871</b>	<b>6,6</b>	<b>3.120</b>	<b>10,8</b>	<b>2.389</b>	<b>8,3</b>	<b>2.517</b>	<b>8,6</b>
Höfuðborgarsvæði <i>Cap. reg.</i>	1.456	8,4	1.286	7,3	2.065	11,5	1.650	9,1	1.825	9,9
Suðurnes <i>Southwest</i>	95	5,8	89	5,3	135	8,0	128	7,6	108	6,3
Vesturland <i>West</i>	87	6,2	93	6,5	179	12,3	107	7,4	92	6,4
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	76	9,2	68	8,4	128	16,0	72	9,2	49	6,4
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	42	4,4	50	5,3	71	7,7	47	5,1	51	5,7
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	130	4,9	113	4,3	204	7,6	166	6,2	161	6,0
Austurland <i>East</i>	61	5,1	58	4,9	135	11,5	84	7,1	89	7,2
Suðurland <i>South</i>	130	6,2	114	5,4	203	9,5	135	6,3	142	6,5

## Hagtiðindi *Fyrirtæki og umsvif* Statistical Series *Enterprises and turnover*

90. árgangur nr. 3

2005:1

ISSN 0019-1078

ISSN 1670-4517 (pappír paper) • ISSN 1670-4525 (pdf)

Verð *Price* ISK 500 EUR 6Umsjón *Supervision* Magnús Kári Bergmann • magnus.bergmann@hagstofa.isSími *Telephone* +(354) 528 1000© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík IcelandBréfasími *Fax* +(354) 528 1099Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series